

108. fundur skráningarráðs, haldinn fimmtudaginn 9. febrúar 2017 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 10.30-12

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.
2. Enn eru nokkrir lausir endar í rafbókaskjalinu sem þarf að vera tilbúið fyrir fræðslufund skrásetjara 17. mars. Hallfríður fór yfir innganginn og þau atriði sem út af standa. Ákveðið var að setja inn viðbætur um skráningu rafbóka í skjalið fyrir prentaðar bækur en hafa ekki sérstakt skjal. Ekki ætti að gera ráð fyrir að fólk prentaði út rafræn eintök til að tengja við færslu og lána út. Gera ætti forðafærslur með tengli fyrir aðgangsstýrt efni en ekki setja tengilinn í skráningarfærsluna. Ekki verði getið um skilaskyldu rafræns efnis í innganginum heldur muni það koma fram í umfjöllun um svið 039. Hallfríður og Sóley munu fínþússa textann og uppfæra önnur skjöl í Handbók skrásetjara til samræmis.
020 sviðið: ef sama ISBN númer er á prentaða og rafræna gagninu þá sé það skráð í |a í færslunni fyrir gagnið sem kemur út á undan en í |z í færslunni fyrir gagnið sem kemur út síðar. Nota skal deilisvið q til að greina birtingarformið.
Vissara er að búa til ný færslusnið í Gegni fyrir rafræna formið, bæði fyrir bækur og tímarit.
3. Gengið var frá drögum að dagskrá fyrir fræðslufund skrásetjara sem haldinn verður föstudaginn 17. mars kl. 10-12. Sigrún setti upp dagskrána og tímasetningar voru fastsettar. Liðirnir Þýðingarskrá og Greiniskráning sem áttu að vera fréttamolar verða dagskrárliðir.

Drög að dagskrá:

- Fundur settur Rósa S. Jónsdóttir 10:00 – 10:05
- Breytingar á meðferð rafrænna gagna Rósa Björg Jónsdóttir 10:05 – 10:40

- Skráningarþjónusta á Landsbókasafni Rósfríður Sigvaldadóttir 10:40 – 10:50
 - Kannski innlegg frá Sigrúnu um skráningu á / fyrir lítil söfn
- KAFFIHLÉ 10:50 – 11:05
- Greiniskráning tímarita Helga Kristín Gunnarsdóttir 11:05 – 11:20
- Þýðingarskrá Sigurður Örn Guðbjörnsson 11:20 – 11:40
- Fréttamolar 11:40 – 12:00
 - Leit að nýju bókasafnskerfi
 - Rafbókasafnið
 - Bókatíðindi
 - Nýtt útlit á leitir.is

4. Sigrún sagði frá því að mikil vinna færi nú fram í Landskerfi bókasafna, Borgarbókasafni og Landsbókasafni við að hlaða inn rafbókarfærslum úr OverDrive. Um 800 titlar hafa verið keyptir og mikið á eftir að bætast við. Fram kom að hljóðbækurnar eru vinsælar. Þessu tengist rafbókasamlagið Gutenberg Project en þar eru bækur sem ekki eru í höfundarrétti. Þessar bækur þarf að velja vel, margar útgáfur eru af sömu bók og efnisorð alltof mörg.

Þóra ræddi um skráninguna í Gegni en þar er margt sem þarf að laga, t.d. varðandi greinarmerki í 100 sviðinu og í 245 sviðinu byrja undirtitlar á stórum staf. Einnig eru ritraðir í 245 |b og þetta þarf allt að laga.

Útgefendaupplýsingar eru í 533 sviðinu. Ákveðið var að flytja þær ekki í svið 264. Síðar verður tekin ákvörðun um hvort birta eigi svið 533 í Leitir.is að hluta eða í heild. Samþykkt var að eiga sem minnst við færslurnar fyrir utan þetta og láta efnisorð standa eins og þau eru.

5. Sigrún greindi frá því að mörg sérfræðisöfn væru að hætta í Gegni, t.d. Samgöngustofa, Geislavarnir ríkisins og Landmælingar Íslands, og væri það áhyggjuefni. Á hinn bóginn væri Hafrannsóknastofnun nú að íhuga þátttöku. Þar er mikilvægur safnkostur sem hvergi finnst en átakið við skráningu yrði mikið. Lítil söfn hafi ekki bolmagn til þátttöku í Gegni, kostnaður er of mikill og ekki mannaflí til að annast skráningu. Huga þarf að því til framtíðar hvaða leiðir séu færar til að gera þeim kleift að taka þátt. T.d. mætti athuga með meiri sjálfvirkni eða skráningarþjónustu.

Sigrún stakk upp á að vera með innlegg um skráningu fyrir lítil söfn á fræðslufundinum.

Sameiginlegur fundur verður með Sarpsfólki 9. mars. Þóra getur ekki verið á þeim fundi.

Fundi slitið kl. 12.